

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2022, miðvikudaginn 30. nóvember kl. 09:03, hélt umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur 251. fund sinn. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð Ráðssal. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Hjálmar Sveinsson, Kjartan Magnússon, Pawel Bartoszek og áheyrnarfulltrúarnir Kolbrún Baldursdóttir og Trausti Breiðfjörð Magnússon. Hildur Björnsdóttir tekur sæti á fundinum með rafrænum hætti. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Björn Axelsson, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson og Dagný Alma Jónasdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Þetta gerðist:

(D) Ýmis mál

1. Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, með síðari breytingum Mál nr. US220295

Lögð fram samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, með síðari breytingum.

2. Umhverfis- og skipulagsráðs 2022 - 2026, fundadagatal Mál nr. US220291

Lagt fram fundadagatal umhverfis- og skipulagsráðs fyrir árið 2023.

3. Árshlutauppgjör umhverfis og skipulagssviðs janúar - september 2022, trúnaðarmál Mál nr. US220302

Lagt fram árshlutauppgjör umhverfis- og skipulagssviðs fyrir janúar til september 2022.

- Kl. 9:14 tekur Líf Magneudóttir sæti á fundinum.

Bókun áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins færð í trúnaðarbók.

Hreinn Ólafsson, fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Yfirlit yfir ferðakostnað umhverfis- og skipulagssviðs, fyrir tímabilið júlí - september 2022. Mál nr. US220303

Lagt fram yfirlit yfir ferðakostnað umhverfis- og skipulagssviðs fyrir tímabilið júlí til september 2022.

- Kl. 9:22 tekur Hildur Björnsdóttir sæti á fundinum og aftengist fjarfundarbúnaði.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Heildar ferðakostnaður júlí – september 2022 hjá umhverfis- og skipulagssviði er samtals kr. 1.429.839. Nú getur fulltrúi Flokks fólksins vissulega ekki fullyrt mikilvægi þessara ferða í heildarsamhenginu, þ.e. að þær ferðir sem eru að baki upphæðinni hafi verið nauðsynlegar og skilað sér til borgarinnar og borgarbúa. Hins vegar vita forsvarsmenn umhverfis- og skipulagsráðs, eins og aðrir sem reka svið í borginni að Reykjavíkurborg stendur afar illa fjárhagslega. Haga þarf því seglum eftir vindi.

Hreinn Ólafsson, fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

5. Sniðtalningar Reykjavík 2022, kynning Mál nr. US220309

Lögð fram samantekt talninga á lykilstöðum í borginni haustið 2022 sem unnin er að skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúa Flokks fólksins finnst gott að fylgst er með umferðarþróuninni. Hugmyndafræðin er að telja í ákveðnum sniðum en áður voru bílar taldir. Flokkur fólksins veltir því upp hvernig sniðtalningarreitir eru valdir. Svo virðist að mest sé mælt í miðbænum, en það kunna að vera eðlilegar skýringar á því. Sjá má örlítinn samdrátt á umferð á einstaka stöðum í miðbænum. Aukning er á bílaumferð um 4% milli ára. Umferð eykst víða, t.d. í úthverfum. Sams konar talning er ekki fyrir reiðhjól. Þess mátti vænta að með aukningu notkun hjóla sem samgöngutæki að bílaumferð myndi minnka. En það er ekki raunin þrátt fyrir að notkun reiðhjóla sem samgöngutæki hafi líka aukist. Vissulega hefur mannfjöldi líka aukist.

(A) Skipulagsmál

6. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 24. nóvember 2022.

(B) Byggingarmál

7. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, fundargerðir Mál nr. BN045423

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 22. nóvember 2022.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

8. Umferðaröryggi í Reykjavík, kynning Mál nr. US220306

Kynning á stöðu umferðaröryggismála í Reykjavík m.t.t. markmiða umferðaröryggisáætlunar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins vill bóka undir þessum lið að víða er umferðaröryggi í Reykjavík verulega ábótavant. Þann 16. nóvember sl. var ekið á á nemenda í 3. bekk í Laugarnesskóla á gangbraut yfir Reykjaveg. Íbúar hafa lengi kallað eftir að betur verði búið að þessari gangbraut til skólans, sett gönguljós, lýsing bætt og gangbrautin færð suður fyrir Kirkjuteig. Flokkur fólksins hefur einnig ítrekað farið fram á að hlustað verði á foreldra barna í Vogabyggð. Í júní lagði Flokkur fólksins fram tillögu um að strax yrði hafist handa við að byggja bráðabirgðagöngubrú yfir Sæbraut við gatnamót við Skeiðarvog/Kleppsmýrarveg. Þetta eru sennilega ein hættulegustu gatnamót Reykjavíkur. Vogabyggð er orðin fjölmenn byggð, en þannig er málum háttáð að börnin í hverfinu þurfa daglega að fara yfir Sæbrautina til að sækja skóla, frístundir og fleira. Ítrekað hefur verið bent á að umferðaröryggi er ábótavant í Úlfarsárdal. Nefna má gatnamót Úlfarsbrautar og Freyjubrunns. Þegar keyrt er í norðurátt upp Úlfarsbraut er grindverk um lóð húss í Lofnarbrunni sem skyggir á umferð gangandi sem koma niður Freyjubrunn. Þarna er brekka niður í móti og það koma oft krakkar á mikilli ferð og yfir gangbrautina sem tekur við. Hætta er á að þarna geti orðið slys.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Sósíalistar telja að það þurfi að auka lýsingu ljósastaura Reykjavíkur eins og var fyrir hrunið 2008. Það þarf meira myrkur til þess að kvikni á þeim

heldur en var. Augljóst er að afleiðingar slíkrar stefnu er aukið óöryggi gangandi og hjólandi vegfarenda.

Höskuldur R. Guðjónsson, ráðgjafarverkfræðingur tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Ýmis mál

9. Skýrsla Rannsóknarnefndar samgönguslysa um banaslys í umferðinni 25. nóvember 2021 Mál nr. US220304

Lögð fram skýrsla Rannsóknarnefndar samgönguslysa um banaslys í umferðinni 25. nóvember 2021.

10. Umsagnir sendar til Alþingis og Samgöngustofu, Mál nr. US220307

Lagðar eru fram eftirfarandi umsagnir sem hafa verið sendar til Alþingis:

- a. Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingar á umferðarlögum nr. 77/2019
- b. Umsögn Reykjavíkurborgar um umferðaröryggisáætlun 2023-2027
- c. Umsögn Reykjavíkurborgar um áform um frumvarp til laga um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu og rekstur samgönguinnviða
- d. Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3228&uid=a8b0f7a7-2201-ed11-9bb2-005056bcce7e](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3228&uid=a8b0f7a7-2201-ed11-9bb2-005056bcce7e)

Lögð fram eftirfarandi umsögn sem hefur verið send Samgöngustofu:

- e. Umsögn Reykjavíkurborgar vegna fjölgunar á atvinnuleyfum til leigubílaaksturs á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.

11. Baldursgata 30, málskot (01.182.2) Mál nr. SN220698

Lagt fram málskot Mögnu Fríðar Birnis dags. 31. október 2022 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 7. júlí 2022 og 6. október 2022 um að breyta atvinnuhúsnæði á lóð nr. 30 við Baldursgötu í íbúð. Einnig eru lagðar fram umsagnir skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2022 og 6. október 2022.

Neikvæðar umsagnir skipulagsfulltrúa, dags. 7. júlí 2022 og 6. október 2022 staðfestar með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn umsögnunum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja rétt að viðkomandi eiganda verði gert kleift að breyta umræddu atvinnuhúsnæði að Baldursgötu 30 í íbúð.

(A) Skipulagsmál

12. Háskólinn í Reykjavík, breyting á deiliskipulagi, leiðrétt málalýsing (01.751) Mál nr. SN220421

Lögð fram umsókn Kanon arkitekta ehf. f.h. Grunnstoðar / Háskólans í Reykjavík dags. 4. júlí 2022 ásamt bréfi dags. 8. júlí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík vegna lóðarinnar nr. 83-89 við Nauthólsveg. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða um 10, úr 415 íbúðum í 425 íbúðir, fækkun byggingarreita fyrir svonefnd stakstæð hús á reit A og B ásamt stækkun á byggingarreit fyrir stakstæð hús og að gert verður ráð fyrir félagsaðstöðu fyrir íbúa háskólagarðanna á fyrstu hæð stakstæðs húss á reit A ásamt því að íbúðir

deiliskipulagssvæðisins munu dreifast á reiti A, B og C í stað A, B, C og D áður, en ekki verður gert ráð fyrir íbúðum á reit D, samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta ehf. dags. 14. október 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Sólveig Sigurðardóttir, verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Samþykkt að taka ofangreint mál á dagskrá.

Leiðrétt málalýsing frá fundi dags. 23. nóvember 2022. Rétt málalýsing er:

Lögð fram umsókn Kanon arkitekta ehf. f.h. Grunnstoðar / Háskólans í Reykjavík dags. 4. júlí 2022 ásamt bréfi dags. 8. júlí 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík vegna lóðarinnar nr. 83-89 við Nauthólsveg. Í breytingunni felst m.a. fjölgun íbúða um 10, úr 415 íbúðum í 425 íbúðir, fækkun byggingarreita fyrir svonefnd stakstæð hús á reit A og B ásamt stækkun á byggingarreit fyrir stakstæð hús á reitum C og D, samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta ehf. dags. 14. október 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

(A) Byggingarmál

13. Stafrænar umsóknir til byggingarfulltrúa, kynning Mál nr. US220308

Umbreytingaverkefni þjónustu og nýsköpunarsviðs (þON) og Byggingarfulltrúa er snýr að rafvæðingu umsókna um byggingarleyfi og fylgigögn umsókna. Kynning á stöðu verkefnisins en stefnt er að umsókn um byggingarleyfi verði orðin rafræn í lok árs.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins lýsir ánægju sinni yfir að nú glittir í rafrænar lausnir (stafrænar umsóknir) hjá umhverfis- og skipulagssviði eftir „ítarlegar“ rannsóknir þjónustu og nýsköpunarsviðs, sem meðal annars fólust í vigtun pappírs sem kom inn og pappírs sem fór út. Á sama tíma og fulltrúi Flokks fólksins fagnar væntanlegri innleiðingu, verður hann að taka fram að öll þessi rannsóknarvinna sviðsins virðist í fljótu bragði ganga út á það eitt að uppgötva hið augljósa. Það er löngu vitað að rafrænar lausnir spara oft tíma, ferðir og pappír. Innleiðing rafrænna lausna þarf að ganga mun hraðar en raun ber vitni og byrja hefði átt fyrr með skilgreint markmið. Rafræn lausn BYGG mun spara rúmlega 20% af heimsóknum í þjónustuver Reykjavíkurborgar á ársgrundvelli. Samhliða þessu eru rafrænar undirskriftir í fyrsta sinn í boði á vef Reykjavíkurborgar, í þessu kerfi alla vega, sem er ánægjuefni út af fyrir sig. Almennt er Reykjavíkurborg aftarlega á merinni þegar horft er til nágrannasveitarfélaga og landa sem við berum okkur saman við hvað rafrænar lausnir viðkoma. Hvorki á því að eyða fjármagni eða tíma í óþarfa þælingar og „leiksmiðjur“.

Eyrún Ellý Valsdóttir, sérfræðingur, Velina Apostolova, sérfræðingur og Halldóra Traustadóttir, skrifstofustjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(C) Ýmis mál

14. Hringbraut - Hofsvallagata, kæra 128/2022 Mál nr. SN220752

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 17. nóvember 2022 ásamt kæru ódags. Þar sem kærð er ákvörðun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, dags. 19. október 2022, um að samþykkja framkvæmdaleyfi til Vegagerðarinnar við gatnamót Hringbrautar og Hofsvallagötu.

15. Hólmasel 2, kæra 125/2022 (04.937.7) Mál nr. SN220750
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 4. nóvember 2022 ásamt kæru dags. 28. október 2022 þar sem sem kærður er óeðlilegur dráttur á afgreiðslu máls kæranda hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur og varðar eign kæranda að Hólmaseli 2.
16. Reynimelur 66, kæra 127/2022 (01.524.1) Mál nr. SN220751
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 14. nóvember 2022 ásamt kæru dags. 14. nóvember 2022 þar sem sem kærð er ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur frá 22. september 2022 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Mela vegna lóðarinnar nr. 66 við Reynimel, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs 14. september 2022.
17. Reynisvatnsás, kæra 88/2022, greinargerð Mál nr. SN220497
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 5. ágúst 2022 ásamt kæru dags. s.d. þar sem kærðar eru tillögur að breyttu deiliskipulagi Reynisvatnsáss. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 8. nóvember 2022.
18. Laufásvegur 43 og 45B, kæra 116/2022, greinargerð (01.185.3) Mál nr. SN220658
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 11. október 2022 ásamt kæru dags. 10. október 2022 er lýtur að ákvörðun umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar frá 28. september 2022 um að beita sér ekki fyrir því að skjólveggur á lóðamörkum Laufásvegar 43 og 45B verði fjarlægður. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 8. nóvember 2022.
19. Vesturgata 67, kæra 118/2022, greinargerð, (01.133.1) Mál nr. SN220660
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 17. október 2022 ásamt kæru dags. 14. október 2022 þar sem kærð er útgáfa á nýju byggingarleyfi dagsett 15. september 2022 fyrir nýbyggingu að Vesturgötu 67. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 25. október 2022. Jafnframt er lagður fram úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 4. nóvember 2022.
20. Arnarnesvegur og Elliðaárdalur, kæra 79/2022, greinargerð, bráðabirgðaúrskurður (04.9) Mál nr. SN220465
- Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 22. júlí 2022 ásamt kæru dags. 22. júlí 2022 þar sem kærðar eru ákvarðanir umhverfis- og skipulagsráðs um að samþykkja deiliskipulag fyrir 3. kafla Arnarnesvegar og Elliðaárdals þann 29. júní 2022, sem og staðfesting borgarráðs frá 7. júlí á nefndum deiliskipulögum. Einnig er lögð fram greinargerð Reykjavíkurborgar dags. 22. ágúst 2022. Jafnframt er lagður fram bráðabirgðaúrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 4. nóvember 2022.
21. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um lýsingartíma við götur og göngu- og hjólastíga (USK22110142) Mál nr. US220298
- Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks um lýsingartíma við götur og göngu- og hjólastíga, sbr. 20. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 23. nóvember 2022.
- Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu.
22. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um lýsingu við Sundhöll við Barónsstíg (USK22110143) Mál nr. US220299

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lýsingu við Sundhöll við Barónsstíg, sbr. 21. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 23. nóvember 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu.

23. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um umferðaröryggismál í Laugardal og Vogabyggð (USK22110105) Mál nr. US220286

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um umferðaröryggi í Laugardal og Vogabyggð, sbr. 27. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 16. nóvember 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

24. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um lýsingu í borgarlandi (USK22110145) Mál nr. US220297

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lýsingu í borgarlandi, sbr. 23. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 23. nóvember 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu.

25. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi tillögu, um bætt útsýni í Reykjavík fyrir borgarbúa Mál nr. US220310

Umhverfis- og skipulagssvið samþykkir að ný viðmið verði sett í aðal- og deiliskipulagi. Þau feli í sér að eftir því sem byggingar færast nær strandlengju þeim mun lægri skuli þær vera. Með því að láta háar byggingar standa fjær strandlengju og þær lægri nær tryggjum við að sem flestir hafi útsýni frá heimili sínu. Þetta verði tryggt í öllum nýbyggingum í hverfum borgarinnar. Tillögunni fylgir greinargerð.

Frestað.

26. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi tillögu, um að íbúðir standi ekki auðar Mál nr. US220311

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að vinna með umhverfis- og skipulagssviði að mótun reglna sem komi í veg fyrir að íbúðarhúsnæði standi autt til lengri tíma. Þar verði kveðið á um að ef íbúð hefur verið laus í 6 mánuði þurfi eigandi hennar að gera borginni ljóst fyrir að svo sé. Jafnframt verði kveðið á um að ef enginn hafi haft búsetu í húsnæðinu í síðustu 12 mánuði leiði það til sektargreiðslna, allt að 300.000 krónum. Í kjölfarið munu borgaryfirvöld hafa samband við viðkomandi eiganda og leita leiða til að íbúðin verði nýtt aftur. Sem lokaúrræði, eftir 12 mánuði getur borgin skilgreint íbúðina sem óhagnaðardrífna leigugeiningu. Nánari útlistun á reglum fylgir í greinargerð. Tillögunni fylgir greinargerð.

Frestað.

27. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn, um eldri fyrirspurn Mál nr. US220315

Óskað er upplýsinga um afdrif tillögu Sjálfstæðisflokks um öryggi gangandi í Norðlingaholti (US220100) sem lögð var fram í skipulags- og samgönguráði þann 4. maí 2022. Lagt var til að í samráði við íbúa yrði farið í stóratök í öryggi gangandi í Norðlingaholti, og að lagðar yrðu snjallgangbrautir þar sem þörfin reynist mest. Íbúum í Norðlingaholti í Árbæ hefur fjölgað talsvert á síðustu árum enda hefur mikil uppbygging átt sér

stað. Setið hefur á hakanum að gæta samhliða að uppbyggingu gangbrauta en íbúar hafa áhyggjur af stöðunni. Umræða og hugmyndir um öryggi gangandi skjóta reglulega upp kollinum á íbúasíðum í hverfinu og kosningunni um Hverfið mitt, ekki síst í skammdeginu.

28. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn, um saltgeymslur Mál nr. US220316

Um áratuga skeið hafa saltgeymslur Reykjavíkurborgar staðið við Þórðarhöfða. Staðsetningin er miðsvæðis og því til þess fallin að lágmarka akstur vegna hinnar umfangsmiklu saltdreifingar, sem fer fram á götum borgarinnar á vetri hverjum. Nú er fyrirhugað að loka umræddum saltgeymslum. Óskað er eftir upplýsingum um framtíðarfyrirkomulag saltgeymslu og saltdreifingar í borginni. Verða nýjar saltgeymslur einnig staðsettar miðsvæðis í því skyni að halda akstri vegna saltdreifingar í lágmarki og stuðla þannig að því að hún verði bæði hagkvæm og umhverfissvæn? Hvernig verður núverandi húsnæði og lóð við Þórðarhöfða ráðstafað?

29. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um skilgreiningu á truflandi áhrifum Mál nr. US220312

Í samþykktum um skilti í Reykjavík stendur að í íbúðarbyggð skulu ekki vera upplýsinga- eða auglýsingaskilti sem hafi truflandi áhrif svo sem vegna stærðar, ljóma eða ásýndar. Hvernig eru "truflandi áhrif" skilgreind? Ef íbúum finnst skilti í nærumhverfi sínu vera truflandi er það nóg til þess að skilti sé fjarlæggt eða ekki sett upp?

30. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um heildarfjölda íbúða Mál nr. US220313

Samkvæmt Þjóðskrá eru 58.592 íbúðir í Reykjavík. Óskað er eftir upplýsingum um hvernig íbúðirnar skiptast í eignaríbúðir og leiguíbúðir. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hvernig eignarhaldi á þeim leiguíbúðum er háttað. Óskað er eftir þeim upplýsingum sem hægt er að fá fram varðandi stöðuna hjá öðrum leigufélögum og hversu hátt hlutfall leiguíbúða er í eigu einstaklinga sem eru leigusalar. Einnig er óskað eftir fjölda ósamþykktra íbúða sem vitað er að búið er í eða grunur leikur á að sé búið í.

31. Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um umhverfissálfræði í skipulagsmálum borgarinnar Mál nr. US220314

Með hvaða hætti er unnið eftir umhverfissálfræði þegar kemur að skipulagsmálum í Reykjavík? Hverjir sinna þeirri vinnu, ef hún er unnin og undir hvaða starfsheiti?

Fleira gerðist ekki.
Fundu slitið kl. 11:18

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Alexandra Briem

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Hjálmar Sveinsson
Líf Magneudóttir

Hildur Björnsdóttir
Kjartan Magnússon
Pawel Bartoszek

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 22. nóvember kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1189. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Kristín Björg I. Sverrisdóttir og Snædís Karlsdóttir Bergmann. Fundarritari var Snædís Karlsdóttir Bergmann.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Aðalstræti 10 (11.365.04) 100594 Mál nr. BN061703
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055993, þ.e. í stað gólfniðurfalla votryma í kjallara verði vatnsskynjarar við gólf matshluta nr. 02, hús á lóð nr. 10 við Aðalstræti.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á teikningu hönnuðar dags. 27. desember 2021.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
2. Arnarbakki 1-3 (46.322.01) 111860 Mál nr. BN061612
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059906, þ.e. forrymi bókasafns breytt í aðstöðu námsráðgjafa í matshluta nr. 03, í húsi á lóð nr. 1-3 við Arnarbakka.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 20. október 2022.
Gjald kr.13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
3. Arnarhlíð 2 (16.295.02) 220839 Mál nr. BN061736
550416-0770 NH eignir ehf., Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048979 v/lokaúttektar þannig að þakgarður við íbúð 0415 er stækkaður, þakskýli 0470 er stækkað og áður beinir stigar þakgarða íbúða 0475, 0476, 0477, 0478 og 0483 verða hringstigar á fjölbýlishúsum á lóð nr. 2 við Arnarhlíð.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 1. nóvember 2022.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni
verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
4. Álftahólar 4-6 (46.426.01) 111912 Mál nr. BN061616
460411-0760 Snorri ehf, Skógarási 8, 221 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til að setja svalaskýli á allar svalir og nýklæða suðurhlíð matshluta nr. 02 og 03, húsa nr. 4 og 6 á lóð nr. 2-8 við Álftahóla.
Erindi fylgir bréf breytinga dags. 16. september 2022, afrit umsagnar skipulags vegna fyrirspurnar umsækjanda dags. 6. maí 2022 og afrit skýrslu ráðgjafar vegna viðhaldsskoðunar dags. 2. febrúar 2021.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
5. Bíldshöfði 2 (40.592.01) 110568 Mál nr. BN061693

411003-3370 N1 ehf., Dalvegi 10-14, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi rýmis 0101 að hluta, þ.e. fyrirkomulag og innréttingar verslunar og lagers, komið fyrir nýjum rekstri veitingasölu í stað þess sem áður var, í flokki I, teg. c, veitingastofa og greiðasala, ný uppþvottaaðstaða, óbreytt fyrirkomulag starfsmannaáðstöðu sem er samnýtt í matshluta nr. 01, í húsi á lóð nr. 2 við Bíldshöfða.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti samþykks aðaluppdráttar erindis BN037859.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

6. Borgartún 24 (01.221.1) 102800 Mál nr. BN061698
650908-0310 EE Development ehf., Pósthólf 8052, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057713, þ.e. bætt er við svölum/þaksvölum við íbúð 05-0702, innra skipulagi kjallara og 1. hæð breytt að hluta, inngangshurð sorpgeymslu færð, fjölgað þrepum í stiga milli 1. og 2. hæðar, fallið frá setlaugum á svölum íbúða 0405, 0505 og 0610 en lagnaleiðir og burðarvirki setlauga heldur sér, uppbygging byggingarluta í byggingarlýsingu, skráning og eignarhald geymslna auk breytinga á klæðningu að hluta og skipulag á inngarði öllum, í húsi í matshluta nr. 5 á lóð nr. 24 við Borgartún.
Stærð eftir breytingu: 9.293,9 ferm., 28.224,1 rúmm.
Stækkun frá erindi BN057713: 23,6 ferm., 84,4 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar, útgáfa 3.0, dags. 18. maí 2021 og yfirlit breytinga unnið á samþykktum aðaluppdráttum erindis BN057713.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 21. nóvember 2022.
Gjald kr.13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
7. Borgartún 29 (12.181.03) 102775 Mál nr. BN061754
590410-0390 ROGA ehf., Grandagarði 7, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta úr kaffisölu, flokki I, tegund e, í veitingastað, flokki II, tegund ? á svæði V5 í mathöll í húsi á lóð nr. 29 við Borgartúni.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
8. Borgartún 34-36 (01.232.002) 102918 Mál nr. BN061723
Gunnar Sigurðsson, Tómasarhagi 27, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að rífa verkstæðis- og iðnaðarbyggingar vegna uppbyggingar á lóð nr. 34-36 við Borgartún.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 11. október 2022, umsögn um greiðsluhæfi dags. 12. október 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 18. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 18. nóvember 2022.
Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 21. nóvember 2022.
Niðurrif:
F2010046, merkt 01 0101, verkst/gistiherbergi 1.712,1 ferm.
F2010045, merkt 01 0102 verkstæði, 527,9 ferm.
F2010048, merkt 04 0101 iðnaður, 902,1 ferm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
9. Borgartún 41 (13.491.01) 104109 Mál nr. BN061778
470918-0980 Miðborg F íbúðir ehf., Hagasmára 3, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að byggja 3 til 6 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 115 íbúðum í sjö stigahúsum, einangruð og klædd að utan á bílakjallara sem er sameiginlegur með aðliggjandi lóðum á lóð nr. 41 við Borgartún.

Erindi fylgir greinargerð um einangrun, greinargerð um aðgengi og greinargerð um öryggismál, greinargerð um hljóðvist frá Myrra dags. 10. nóvember 2022 og brunahönnun frá Örug, dags. 17. nóvember 2022.

Stærð, A-rými: 12.195,9 ferm., 39.729,9 rúmm.

A-rými, svalir: 112,7 ferm.

B-rými: 3.116,7 ferm.

Samtals 15.692,3 ferm., 41.121,5 rúmm.

Gjald kr. 13.200

Frestað.

Vísað til athugasemda. Málið er til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa.

10. Borgartún 8-16A (12.201.07) 199350 Mál nr. BN061710
Sigurður Einarsson, Sólberg 2, 221 Hafnarfjörður
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060881 þannig að innra skipulag breytist á 8. og 9. hæð verslunar- og skrifstofuhúss að Katrínartúni 2, á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
11. Bragagata 33 (01.186.216) 102245 Mál nr. BN061744
Guðný Gústafsdóttir, Bragagata 33, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja franskar svalir á suðurhlíð 2. hæðar húss á lóð nr. 33 við Bragagötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. nóvember 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. x. nóvember 2022.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. Brautarholt 2 (12.412.01) 103019 Mál nr. BN061630
670812-0810 Alma C ehf., Sundagörðum 8, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi, BN060340, þannig að í stað þess að gert er ráð fyrir tveimur 33 kg. gaskútum verða þeir sex, fyrir kaffihúsið í fl. II tegund E í rými 0101 í húsi á lóð nr. 2 við Brautarholt.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
13. Brautarholt 6 (01.241.204) 103022 Mál nr. BN060766
540269-6459 Ríkissjóður Íslands, Vegmúla 3, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti, innréttu 6 íbúðir á 2. hæð, innréttu geymslur í austurhluta 1. hæðar, breyta gluggum á báðum hliðum, gera svalir á götuhlið og gera flatt þak á bakhús og gera þar svalir og aðkomu fyrir íbúðir á 2. hæð húss á lóð nr. 6 við Brautarholt.
Erindi fylgir yfirlit breytinga, minnisblað um brunahönnun dags. 11. apríl 2022 og t.p. frá skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2022.
Einnig:
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. maí 2022, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. maí 2022 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. ágúst 2022, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2022 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 19. ágúst 2022.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa 13. október 2022 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. október 2022 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 14. október 2022.
Gjald kr. 12.600
Frestað.

Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað til uppdráttu 1.1-01, 1.1-02, 1.1-03, 1.1-04, 1.1-05 dags. 15. júní 2022 síðast breytt 15. nóvember 2022.

14. Brautarholt 6 (12.412.04) 103022 Mál nr. BN061729
670502-3090 XO eignarhaldsfélag ehf, Hátúni 2B, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055618 v/lokaúttektar þannig að brunamerkingum er breytt, skjólveggjum á suðurhlíð er fækkað og texta um algilda hönnun í byggingarlýsingu er breytt í húsi á lóð nr. 6 við Brautarholt. Erindi fylgir yfirlit breytinga og bréf hönnuðar dags. 8. nóvember 2022.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
15. Brekknaás 2 (04.72) 233075 Mál nr. BN061534
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða fjölbýlishús, einangrað og klætt að utan með 12 íbúðum á lóð nr. 2 við Brekknaás.
Stærð, A-rými: 884,1 ferm., 2.945,1 rúmm.
B-rými: 223,5 ferm.
Samtals: 1.107,6 ferm.
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 26. september 2022, útreikningur varmataps dags. 24. september 2022 og greinargerð brunahönnuðar dags. 23. ágúst 2022.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. október 2022 ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 14. október 2022.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfærðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
Byggingarleyfi verður ekki gefið út fyrr en umsókn um byggingarleyfi fyrir djúpgáma verður samþykkt.
16. Brekknaás 4 (04.72) 233076 Mál nr. BN061535
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, tveggja hæða fjölbýlishús með 12 íbúðum, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 4 við Brekknaás.
Stærð, A-rými: 914,1 ferm., 2.585,3 rúmm.
B-rými: 223,5 ferm.
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 26. september 2022, útreikningur varmataps dags. 24. september 2022 og greinargerð brunahönnunar dags. 23. ágúst 2022.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. október 2022 ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 14. október 2022.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr.

112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Byggingarleyfi verður ekki gefið út fyrr en umsókn um byggingarleyfi fyrir djúpgáma verður samþykkt.

17. Brekknaás 8 (04.76) 233079 Mál nr. BN061536
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt, tveggja hæða fjölbýlishús með 12 íbúðum, einangrað og klætt að utan á lóð nr. 8 við Brekknaás.
Stærð, A-rými: 614,1 ferm., 2.487 rúmm.
B-rými: 223,5 ferm.
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 26. september 2022, útreikningur varmataps dags. 24. september 2022 og greinargerð brunahönnunar dags. 23. ágúst 2022.
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 13. október 2022 ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 14. október 2022.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
Byggingarleyfi verður ekki gefið út fyrr en umsókn um byggingarleyfi fyrir djúpgáma verður samþykkt.
18. Brúnavegur 13 (13.510.01) 104174 Mál nr. BN061571
410301-2290 Naustavör ehf., Brúnavegi Hrafnistu, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN047035, inngangshurð að norðanverðu færð utar, brunamótstöðu tveggja hurða minnkuð í matshluta nr. 09, 10 og 11 í húsinu Jökulgrunn nr. 2-6 á lóð nr. 13 við Brúnaveg.
Stækkun á matshlutum nr. 09, 10 og 11.
Stærð eftir br. Mhl. 09: 397,6 ferm., 1.155,7 rúmm.
Stærð eftir br. Mhl. 10: 392,8 ferm., 1.144,1 rúmm.
Stærð eftir br. Mhl. 11: 397,6 ferm., 1.155,7 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar erindis BN047035 og bréf brunahönnuðar dags. 19. september 2022.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
19. Drafnarstígur 3 (11.342.15) 100341 Mál nr. BN061617
Þorsteinn Máni Hrafnsson, Kanada, Sótt er um leyfi fyrir áður gerðu niðurrifi mannvirkis, matshluta nr. 01, hús á lóð nr. 3 við Drafnarstíg.
Stærð niðurrifs: 111,1 ferm., 251,0 rúmm.

Erindi fylgir afrit bréfs eftirlitsdeildar v. stöðvun framkvæmda dags. 6. október 2022 og umsögn Minjastofnar Íslands dags. 27. júlí 2021.
Gjald kr.13.200
Staðfest.

20. Drafnarstígur 3 (11.342.15) 100341 Mál nr. BN061633
Þorsteinn Máni Hrafnsson, Kanada, Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum auk kjallara, steiptar undirstöður, kjallari og milliþlata jarðhæðar, útveggir, milliþlata efri hæðar og þak verði timbur og klætt bárujárni, á lóð nr. 3 við Drafnarstíg.
Stærð húss: 215,4 ferm., 623,9 rúmm.
Stækkun frá fyrri samþ. 0,0 ferm., +60,9 rúmm.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 25. október 2022 og bréf hönnuðar dags. 31. október 2022.
Niðurrif í óleyfi undir erindi BN061617.
Erindi BN060047 er dregið til baka með tölvupósti dags. 21.11.2022.
Gjald kr.13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
21. Eirhöfði 7 (04.034.001) 233296 Mál nr. BN061148
480221-0950 Höfðakór ehf., Tónahvarfi 6P, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að byggja steipt fjölbýlishús með 96 íbúðum, í fjórum byggingum ásamt bílgeymslu í einum matshluta, byggingarnar bera merkingu A-B-C og D og skiptist svo, í stigagangi A eru 21 íbúð á 4-6 hæðum, í stigagangi B eru 30 íbúðir á 7 hæðum, í stigangani C eru 28 íbúðir á 6 hæðum og í stigagangi D eru 17 íbúðir á 6 hæðum, geymslur, tæknirými og bílgeymsla er í kjallara matshluta nr. 01 og inngarði bygginga, öll þök húsa eru flöt og útveggir einangraðir og klæddir áklæðningu að utanverðu á lóð nr. 7 við Eirhöfða.
Stærð: 14.357,8 ferm., 40.975,7 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð um aðgengi, einangrun, öryggismál og reiknuð U-gildi húsa 7A, 7B, 7C og 7D, skráð þann 16. nóvember 2022, skýringa teikningar hönnuðar, afrit af teikningu skipulagi lóðar og greingerð um ábyrgðarsvið hönnuða.
Erindi fylgir greinargerð brunahönnuðar dags. 17. nóvember 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda og er málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
22. Fornhagi 1 (15.461.02) 106502 Mál nr. BN061701
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir tveggja hæða bráðabirgðahúsnæði úr samsettum gámum við Hagaskóla, 16 kennslustofur, sérkennslustofa og félagsaðstaða í tveimur matshlutum á lóð nr. 1 við Fornhaga.
Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist dags. 24. október 2022.
Mhl. 03: 1.370,3 ferm., 4.140,1 rúmm.
Mhl. 04: 458 ferm., 1.431,2 rúmm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits.
23. Fossaleynir 1 (24.561.01) 190899 Mál nr. BN061461
521009-2170 Knatthöllin ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta skipulagi lóðar lítillaga, þ.e. komið fyrir rafhleðslustæði, fjölgað hjólastæðum og uppfært bílastæðafyrirkomulag lóðar, jafnframt er sótt um að reisa hjólaskýli og koma fyrir útveitingaaðstöðu fyrir 30

gesti á 1. hæð veitingastaðar í flokki II, teg. a., í matshluta nr. 01, hús á lóð nr. 1 við Fossaleyni.

Stækkun

B rými - Hjólaskýli: 36,3 ferm., 94,3 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afritum aðaluppdráttu samþykktara erinda BN057316, BN055679 og BN053983.

Gjald kr.13.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

24. Fossaleynir 1 (02.456.101) 190899 Mál nr. BN061782
631288-7589 Ungmennafélagið Fjölnir, Fossaleyni 1, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta tegund skiltis úr flettiskilti í LED-skilti, við húsi á lóð nr. 1 við Fossaleyni.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
25. Gullslétta 14 (34.533.404) 206646 Mál nr. BN061776
700485-0139 Minjavernd hf., Koparsléttu 11, 162
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN037975 þannig að tekið er niður skyggni og bætt við gluggum á austur gaffli og innri breytingar á húsi á lóð nr. 14 við Gullsléttu.
Millipallur, stækkun: XX ferm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
26. Hagamelur 39-45 (15.260.04) 106072 Mál nr. BN061772
430101-2420 Melabúðin ehf., Hagamel 39, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að opna á milli fasteignar í mhl. 01 rými 0101 og mhl. 02 rými 0102 ásamt því að bæta við kæli í mhl. 02 rými 0101 og færa starfsmannaaðstöðu þaðan í mhl. 02 rými 0102 og bæta þar ræstiskáp með ræstivaski.
Samþykki eigenda í mhl. 02 dags. 17. september 2022, umsögn byggingarverkfræðings á burðarpoli aðallega m.t.t hurðarops milli fasteignar dagsett 1. janúar 2022 og tækniupplýsingar er varða kæli-klefa og kæliblásara dagsett 1. júní 2022 hjálagt sem fylgirit.
Gjald 13.200.
Frestað.
Vísað til athugasemda.
27. Háaleitisbraut 1 (12.521.01) 103444 Mál nr. BN061372
570269-1439 Sjálfstæðisflokkurinn, Pósthólf 5296, 125 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi tannlæknastofu á þriðju hæð, rými 01-0301, s.s. sóthreinsirými breytt í búningsklefa, kaffistofa færð, röntgen rými endurinnréttað og loftræsing uppfærð, í húsi á lóð nr. 1 við Háaleitisbraut.
Erindi fylgir ódagsett bréf umsækjanda vegna umsagnabeiðni er varðar Geislavarnir ríkisins og umsögn vinnueftirlitsins dags. 29. september 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
28. Háaleitisbraut 58-60 (12.844.01) 103735 Mál nr. BN061510
530199-2239 Ís-blóm - Orkidea ehf., Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík
580121-2090 Fasteignafélagið Kvistur ehf., Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hliðra eignamörkum rýma 01-0103 og 01-0104 með færslu eldvarnaveggjar milli notkunareininga, jafnframt breyta snyrtingu og ræstingu í húsi á lóð nr. 58-60 við Háaleitisbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar erindis BN057961.

Gjald kr.13.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

29. Hestháls 14 (04.321) 111032 Mál nr. BN061753
621297-7759 DENGSI ehf., Bolholti 4, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að reisa fimm skilti á borgarlandi sem reist verður á steyptri undirstöðu, auglýsingar sýndar beggja megin skiltis, annarsvegar í ljósakassa og hinsvegar með LED-skjá, staðsetning skilta eru, (1) milli Gullinbrú og Lokinhamra, (2) austan við Gullinbrú norðan við lóð nr. 1 við Fjallkonuveg, (3) austan við lóð nr. 1 við Lækjartorg, (4) norðvestur við lóð nr. 19 við Tryggvagötu og (5) við aðrein að Miklabraut vestan við lóð nr. 100 við Miklubraut, skilti tengd lóð nr. 14 við Hestháls.
Skilti
(1) Teikning: 1211347-000-CDR-1121 - Stærð : 3,3 ferm. standur: 0,225 rúmm.
(2) Teikning: 1211347-000-CDR-1120 - Stærð : 3,3 ferm. standur: 0,225 rúmm.
(3) Teikning: 1211347-000-CDR-1117 - Stærð : 3,3 ferm. standur: 0,225 rúmm.
(4) Teikning: 1211347-000-CDR-1118 - Stærð : 3,3 ferm. standur: 0,225 rúmm.
(5) Teikning: 1211347-000-CDR-1119 - Stærð : 3,3 ferm. standur: 0,225 rúmm.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
30. Holtavegur 28 (13.861.01) 104939 Mál nr. BN061788
690169-0889 KFUM og KFUK á Íslandi, Holtavegi 28, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060234, lagfæra skráningu, rýmisnúmer grunnmynda og leiðréttu stærðir í byggingarlýsingu á matshluta nr. 01, hús á lóð nr. 28 við Holtaveg.
Stærð: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.
31. Höfðabakki 7 (40.704.01) 110680 Mál nr. BN061681
701205-3240 HB 5-7 ehf., Höfðabakka 7, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka mæni og byggja milliloft í austurhluta, til að innrétta verslunar- og skrifstofurými til útleigu í vesturhluta og lagerhúsnæði með verslun og skrifstofu í austurhluta húss á lóð nr. 7 við Höfðabakka.
Stækkun:
Eftir stækkun, A rými: 11.768,3 ferm., 65.881,9 rúmm.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
32. Karfavogur 54 (14.440.06) 105520 Mál nr. BN060849
Árni Freyr Erlingsson, Karfavogur 54, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi íbúða, færa eignarhlald 0101 í 0001, bæta við herbergjum með því að færa eldhús í austurhluta íbúða og sameina stofur, innrétta baðherbergi fyrir íbúð 0001 í rými þar sem áður var geymsla, síkka glugga og gera hurð út á niðurgrafna verönd til suðurs og reisa 1.8 m háa girðingu á lóðamörkum íbúðarhúss á lóð nr. 54 við Karfavog.
Erindi fylgir samþykki aðliggjandi lóðarhafa vegna girðingar dags. 1. apríl 2022, umsögn burðarvirkishönnuðar í tölvupósti dags. 30. mars 2022 og A4 afrit af innlögðum aðalteikningum dags. 5. apríl 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis,

henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

33. Klapparstígur 1-7 (11.522.01) 101020 Mál nr. BN061771
520506-1790 Big Box ehf, Kambavaði 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi að skipta í tvær eignir, mhl. nr. 18, rými 0001 í tvö fasteinganúmerum 0001 og 0002 í kjallara í húsi nr. 10 við Skúlagötu á lóð nr.1-7 við Klapparstíg.
Fundagerð húsfélags með samþykki sex eiganda af sjö sem mættu á fundinn sem haldinn var 25. október 2022 hjálagað sem fylgirit.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
34. Klettagarðar 12 (13.203.01) 188311 Mál nr. BN059460
620310-1070 Klettagarðar 12 ehf., Klettagörðum 12, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi BN050975, um er að ræða breytingar á innra skipulagi og útliti á húsi á lóð nr. 12 við Klettagarða.
Stærð leiðrétt úr 6.778,5 ferm., 50.155,5 rúmm. í 6.765,9 ferm., 49.730,2 rúmm., minnkun: 12,6 ferm., 425,3 rúmm.
